

Re: Mat á verndargildi fólkvangsins í Garðahrauni, Vífilstaðahrauni og Maríuhellum

Búið til	5.3.2021 16:33:24
Höfundur	Lovísa Ásbjörnsdóttir
Sent	5.3.2021 16:33:23
Tilheyrir	 202102-0016 - Mat á verndargildi fólkvangsins í Garðahrauni, Vífilstaðahrauni og Maríuhellum

Efni

Re: Mat á verndargildi fólkvangsins í Garðahrauni, Vífilstaðahrauni og Maríuhellum

Upplýsingar

Sent	5.3.2021 16:33:23	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Pátttakendur

Frá	Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI (Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is)
Til	ingibjorg.bjarnadottir@umhverfisstofnun.is

Innihald

Tilvísun í mál nr. 202102-0016 (RTh, LÁ, IAS)

Mat á verndargildi fólkvangsins í Garðahrauni, Vífilstaðahrauni og Maríuhellum með fyrirhuguðum stækkunum

Vísað er til tölvupósts frá Umhverfisstofnun, dags. 10. febrúar 2021, þar sem kynnt eru áform um stækkun og endurskoðun friðlýsingar fólkvangs í Garðahrauni, Vífilstaðahrauni og Maríuhella. Umhverfisstofnun óskar eftir mati á verndargildi svæðisins í heild þar sem teknar eru einnig inn fyrirhugaðar stækkningar í Garðahrauni og votlendið Vatnsmýri við Vífilstaðahraun.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur skoðað erindið og farið yfir verndargildi fólkvangsins.

Náttúrufræðistofnun svaraði 5. nóvember 2020 beiðni Umhverfisstofnunar um mat á verndargildi fyrir efri hluta Garðahrauns https://www.ni.is/sites/ni.is/files/atoms/files/gardahraun_efra_-_fridlysing.pdf (https://www.ni.is/sites/ni.is/files/atoms/files/gardahraun_efra_-_fridlysing.pdf)

Í niðurstöðum stofnunarinnar stendur:

„Segja má að verndargildi þessa hluta Garðahrauns felist fyrst og fremst í almennu verndargildi hrauna og jafnframt að við friðlýsingu hraunsins verði um að ræða heildstæðari vernd á jarðmynduninni Garðhrauni /Búrfellshrauni. Ennfremur á verndin að tryggja að ekki sé farið í framkvæmdir á þessu svæði sem um leið

tryggir áframhaldandi útivistarmöguleika og vernd landslags svæðisins sem svo aftur eykur gæði þess í heild. Það er menningarlegt gildi þess svo sem vegna fræðslu, útivistar og landslags.“

Jarðminjar

Hér er lítið á Búrfellshraun sem eina heild, ásamt Búrfellsgíg, hraunmyndunum s.s. hrauntraðir, hrauntjarnir og hraunhellar. Í þessari samantekt er stuðst við grein Árnar Hjartarsonar frá 2009 um Búrfellshraun og Maríuhella.


Gjallgígurinn Búrfell stendur einn og sér í upplandi Garðabæjar. Frá honum runnu víðáttumikil hraun sem nefnast einu nafni Búrfellshraun, en einstakir hlutar hraunsins bera önnur nöfn s.s. Smyrlabúðarhraun, Gráhelluhraun, Lækjarbotnahraun, Urriðakotshraun, Hafnarfjarðarhraun, Garðahraun og Gálgahraun. Um miðja síðustu öld rannsakaði Guðmundur Kjartansson jarðfræðingur Búrfellshraunið, kortlagði og lét gera aldursákvörðun á því. Rannsóknir hans leiddu í ljós að flatarmál Búrfellshrauns á yfirborði er rúmlega 16 km², en seinna tíma rannsóknir gera ráð fyrir að hluti þess sé nú hulið yngri hraunum og að það hafi verið allt að 24 km². Aldursgreiningar á fjörumó sem finnst undir Búrfellshrauni gefa raunaldurinn um 8100 ára og er því talið líklegt að hraunið hafi runnið fyrir um 8000 árum. Hraunið er af miðlungsstærð á íslenskum mælikvarða og líklegt er að gosið hafi staðið yfir í 1-2 ár. Við Búrfell er mikið um misgengi og sprungur sem tengjast Krýsuvíkur eldstöðvakerfinu.

Gossögu Búrfellshrauns hefur verið skipti niður í fjóra myndunarpætti eða lotur (Árni Hjartarson, 2009)

1. Straumsvíkurloti: Hraun rennur eftir sigdal til SV í átt að Kaldárbotnum, framhjá Stórhöfða og til sjávar í Straumsvík eða í nágrenni hennar. Nær allt hraunið er hulið yngri hraunum.
2. Lambagjárloti: Hraunið kemst yfir misgengisþröskuld við Kaldá og rennur niður með Ásfjalli og til sjávar utan við Hamarinn í Hafnarfirði.
3. **Urriðavatnsloti.** Hraunið fyllir sigdal neðan við Búrfell og kemst yfir misgengisstalla við Smyrlabúð. Hraunið rennur niður með Vífilstaðahlíð, stíflar upp Urriðavatn og rennur til sjávar í Hafnarfirði og Arnarnesvogi. Í þessari lotu myndast Búrfellsgjá og hellarnir.
4. Goslok. Hraun flæðir um undirgöng til suðurs frá gígnum. Hrauntjarnir, eins og Kringlóttagjá, verða til í lokahrinum gossins.

Í Búrfellshrauni eru margar áhugaverðar hraunmyndanir. Hrauntröðin Búrfellsgjá er ein af fallegu og vel mynduðu hrauntröðum landsins. Norðan við Hjallamisgengið nefnist hún Selgjá.

Margir hraunhellar eru í þekktir í Búrfellshrauni og eru flestir þeirra svo kallaðir hraunrásahellar. Innan fólkvangsins sem hér um ræðir eru Maríuhellar þekktastir en þeir eru samheiti yfir þá hella sem eru við veginn inn í Heiðmörk. Hver og einn hellir Maríuhella heitir: Vífilstaðahellir sem er nyrstur Maríuhella, Urriðakotshellir er syðstur og Draugahellir sem er við veginn inn í Heiðmörk (Árni Hjartarson, 2009). Eins og sést á meðfylgjandi mynd þá ná mörk fólkvangsins ekki yfir nyrsta hluta Draugahellis. Umgengni við Maríuhella þarf að bæta.



Kort úr grein Árna Hjartarsonar, 2009.

Tveir aðrir hellar eru skráðir innan fólkvangsins. Það eru: Jónshellir sem er í Vífilsstaðahraun, um 500 m frá bílastæðinu við Maríuhella og Hraunholtshellir (Arneshellir) sem er í skúta rétt við jaðar hraunsins við íbúðarbyggðina í Hraunsholti, Garðabæ (Björn Hróarsson, 2006).

Ekki er alveg ljóst hvort Hraunholtshellir sé innan svæðisins sem bætt var við fólkvanginn í nyrsta hluta Garðahrauns efra, þar sem stækkunin miðast við lóðamörk en ekki hraunjaðarinn.

Niðurstöður:

Náttúrufræðistofnun Íslands metur fólkvanginn í Garðahrauni, Vífilsstaðahrauni og Maríuhellum og stækkun hans, sem mikilvægan þátt í að vernda gíginn Búrfell og Búrfellshrauns, ásamt hraunmyndanna sem þar er að finna s.s. hraunhellar, hrauntraðir og hrauntjarnir. Verndargildi jarðminja svæðisins felst í því að ná fram heildstæðri vernd á þann hluta Búrfellshrauns sem í dag er minnst raskaður og nær frá gíg til strandar. Um leið er verið að vernda landslag og útivistarmöguleika innan þéttbýlasta svæði landsins. Stofnunin telur mikilvægt að vernda Urriðakotshraunið sem allra fyrst til að þessi heildstæða vernd náist. Eldhraun mynduð eftir ísöld og hraunhellar njóta sérstakrar verndar skv. 61 gr. laga um náttúruvernd.

Heimildir:

Árni Hjartarson, 2009: Búrfellshraun og Maríuhellar. Náttúrufræðingurinn 77. árg. 3-4 tbl, bls. 93-100.

Björn Hróarsson, 2006: Íslenskir hellar. Fyrri bindi. Vaka-Helgafell/Edda útgáfa.

Fuglar

Vatnsmýri er um 5 ha gróskumikil flæðimýri við Hraunholtslæk neðan Vífilsstaða og er mjög blaut á vorin en þornar yfirleitt þegar líður á sumarið. Þar er fuglalíf fjölskrúðugt og hafa sést þar yfir 20 fuglategundir. Þar verpa m.a. álftir og fjórar tegundir anda. Einnig töluvert af vaðfuglum, þar á meðal jaðrakán. Stormmáfur hefur orpið en hann er annars sjaldgæfur á þessum slóðum.

Umhverfisvernd Garðabæ lét gera 2017 góða úttekt á fuglum við helstu vötn og mýrlendi í Garðabæ. Sjá https://www.gardabaer.is/media/byggingar-i-gardabae/Votn_Gardabaer_2017_loka.pdf (https://www.gardabaer.is/media/byggingar-i-gardabae/Votn_Gardabaer_2017_loka.pdf)

Vistgerðir

Svæðið er allt meira og minna á hrauni sem endurspeglast í þeim vistgerðum sem eru ríkjandi á svæðinu, þ.e. lynchraunavist og mosahraunavist sem hafa mesta útbreiðslu í Garðahrauni vestan Reykjanesbrautar (<http://vistgerdakort.ni.is/> (<http://vistgerdakort.ni.is/>)). Við Reykjanesbraut og austan hennar í Vífilsstaðahrauni og við Maríuhella vex birki það þétt (krónuþekja að jafnaði um 30-70%) að það flokkast sem kjarrskógavist þrátt fyrir að hraun sé þar undir. Votlendið í Vatnsmýri flokkast sem gulstaraflovist (ATH ekki rétt merkt á korti). Aðrar vistgerðir s.s. grasmóavist, snarrótarvist og lynchmóavist á láglandi hafa minni þekju.

Kjarrskógavist og gulstaraflovist, eru tvær af 31 landvistgerð sem hefur verið skilgreind sem forgangsvistgerð með hátt og mjög hátt verndargildi (Sigurður H. Magnússon o.fl. 2016, Olga Kolbrún Vilmundardóttir o.fl., 2019). Þær eru einnig á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar og njóta verndar samkvæmt náttúruverndarlögum að teknu tilliti til annarra forsenda s.s. stærðarmarkna votlendis og mikilvægi skóglendis (Council of Europe 2019, Lög um náttúruvernd nr. 60/2013). Verndargildi mosahraunavistar og lynchraunavistar er metið miðlungi hátt en bent skal á að hraunlendisvistgerðir eru á nútímahrauni sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga (Lög um náttúruvernd nr. 60/2013).

Verndargildi grasmóavistar, snarrótarvistar er metið hátt og lynchmóavistar miðlungi hátt. Allar þrjár eru á lista Bernarsamningsins.

Flóra

Mosinn hraungambri og lynchtegundur eru áberandi í hrauninu og sem botngróður undir birkikjarrinu. Algengar lynchtegundir eins og bláberjalyng, krækilyng, beitylyng, sortulyng og hrútaberjalyng vaxa í hrauninu en einnig jarðaberjalyng sem er sjaldgæfara. Blómjurtir eins og brennisóley, blágresi, klukkublóm,

hárdepla og brönugrös vaxa víða í skjólgóðum lautum í hrauninu ásamt burknanum þrílaufungi. Auk birkisins finnast aðrar innlendar trjategundir og runnar á svæðinu, s.s. gulvíðir, og loðvíðir, einir og stöku reyniviðarplöntur hafa sáð sér hér og þar.

Í votlendinu í Vatnsmýri sunnan við Vífilsstaði vex gróskumikil mýrastör og gulstör ásamt engjarós og horblöðku.

Samkvæmt gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar Íslands eru um 135 tegundir æðplantna, innlendra sem og slæðinga, verið skráðar á svæðinu. Skráningar eru hins vegar misgamlar og því misnákvæmar. Allflestar æðplöntutegundir á svæðinu eru algengar á landsvísu og með lágt verndargildi, á bilinu 1–3 (Hörður Kristinsson o.fl. 2007). Sex til sjö tegundir eru með hærra verndargildi, á bilinu 4–7, jarðaber, gullkollur, sóldögg, grámygla, ferlaufungur, blátoppa og munkahetta. Tvær síðastnefndu tegundirnar eru á válista Náttúrufræðistofnunar Íslands (2018) og ferlaufungur er friðlýstur. Sjöunda tegundin, hagabrúða er skráð í Gálgahrauni og hugsanlega utan umrædd svæði.

Nokkuð nýlegar (2011) og nákvæmar skráningar eru til um grastegundina blátoppu (*Sesleria albicans*) sem vex á smáblettum bæði í Vífilsstaðahrauni og Garðahrauni. Verndargildi hennar er 7 auk þess sem hún er á válista sem tegund í nokkurri hættu (VU). (Hörður Kristinsson o.fl. 2007, Náttúrufræðistofnun Íslands 2018)

Mjög hefur þrengt að búsvæði blátoppu á suðvesturhorninu sem er hennar aðalútbreiðslusvæði (Hörður Kristinsson 2007, Starri Heiðmarsson og Pawel Wasowicz 2018). Er það fyrst og fremst vegna ýmissa framkvæmda en jafnframt vegna aukinnar útbreiðslu ágengra tegunda.

Til eru skráningar gamlar skráningar við Vífilsstaði frá árunum 1931 og 1937 um vaxtarstað ferlaufungs (*Paris quadrifolia*) og munkahettu (*Lychnis flos-cuculi*) og því óvíst um nákvæman fundarstað þeirra. Ferlaufungur vex í hraungjótum eða skóglendi. Hans aðalútbreiðslusvæði er á Suðvesturlandi, Vestfjörðum og í Þingeyjarssýslum. Verndargildi hans er 7. Hann er friðlýstur (Auglýsing nr. 184/1978 um friðlýsingu nokkurra plöntutegunda). Hann er ekki á válista en er metin sem tegund í yfirvofandi hættu (NT). Munkahetta vex í deiglendi, gjarnan meðfram smálækjum. Aðalútbreiðslusvæði hennar er undir Eyjafjöllum og í Mýrdal þar sem hún vex allvíða en er mjög sjaldgæf utan þess. Munkahetta hefur verndargildið 7 og er á válista sem tegund í nokkurri hættu (VU).

Grámygla (*Gnaphalium uliginosum*) er sjaldgæf tegund með verndargildið 7. Hún vex fyrst og fremst í leirflögum við jarðhita en hefur fundist í flagi við suðurjaðar Vatnsmýrar. Hún er ekki á válista en er líkt og ferlaufungur metin sem tegund í yfirvofandi hættu (NT).

Sóldögg (*Drosera rotundifolia*) er fremur sjaldgæf smávaxin planta sem vex í súrum mýrarjarðvegi, einkum á vestanverðu landinu. Hún er ein af þremur tegundum æðplantna sem er skordýraæta. Verndargildi hennar er 6.

Gullkollur (*Anthyllis vulneraria*) finnst allvíða á Reykjanesskaga og Kjalarnesi, auk þess við Borgarfjörð Eystra og Loðmundarfjörð en nær ekkert utan þess. Verndargildi hans er 6.

Jarðarber (*Fragaria vesca*) finnast nokkuð víða á láglandi en sjaldan í miklu mæli á hverju svæði. Verndargildi þess er 4.

Hagabrúða (*Valeriana sambucifolia*) er skráð í gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar í Gálgahrauni og því líklega utan fólkvangsins en engu að síður vert að minnast á. Verndargildi hennar er 6 en er engu að síður á válista sem tegund sem vantar frekari gögn um en henni hefur gjarnan verið ruglað saman við náskylda tegund, garðabrúðu (*V. officinalis*) og því töluverð óvissa um útbreiðslu hennar.

Alls hafa verið skráðir 16 tegundir mosa innan svæðisins og í grennd (Gálgahraun, Garðahraun Álfanesi) og aðeins 5 tegundir fléttu. Engin mosategund er á válista. Ekki er vitað um fléttutegund á válista innan svæðis en hins vegar þá er fléttutegund, gálgaskegg (*Bryoria pseudofuscescens* í válista 1997, núna nefnd *B. implexa*), fundin við Gálgaklett í Gálgahrauni sem er utan umrædds svæðis en sem ég hygg að sé hluti Garðahrauns. Gálgaskeggið var 1997 flokkað sem tegund í bráðri hættu CR og er þetta eini þekkti fundarstaður hennar á Íslandi.

Niðurstöður:

Út frá vistgerðum og plöntutegundum er verndargildi svæðisins mikið einkum með það í huga að þarna er um að ræða allheilstætt, lítt raskað svæði í þéttbýli. Þó að fjöldi vistgerða sé ekki mikill innan svæðisins og einkennist fyrst og fremst hraunlendi þá má sjá þar ákveðna þróun gróðurfars, frá mosagrónu hrauni yfir í lyngvaxið hraun á vestanverðu svæðinu en austast tekur kjarrið við. Tegundafjölbreytni er æðplantna er eykst einnig í takt við þessa þróun frá því að vera almennt lítil í mosapembunni en mun meiri í kjarrskógavist. Verndun votlendisins í Vatnsmýri eykur enn frekar á verðmæti svæðisins en votlendi er fágætt í landi Garðabæjar sem og á suðurhluta Innnesja og út eftir öllum Reykjanesskaganum. Votlendi telst því fágætt á svæðisvísu. Votlendið Vatnsmýrinni eykur svo enn frekar á tegundafjölbreytni svæðisins í heild.

Þrátt fyrir að svæðið sé lítt raskað þá er það umkringd byggð og frá jaðri þess koma inn tegundir sem bera vott um rask og áhrif mannsins. Fyrst ber að nefna alaskalúpínu sem vex í hraunjaðrinum en hefur sumstaðar náð inn á hraunið. Mikilvægt er að koma í veg fyrir að lúpínan berist frekar inn á hraunið og ætti að vera gerlegt að koma því við. Undanfarin áratug hefur starfsfólk Náttúrufræðistofnunar Íslands notið aðstoðar Garðabæjar við að halda lúpínu í skefjum með því að slá hana og fjarlægja plöntur sem hafa náð rótfestu í hrauninu. Tegundir eins og njóli, rifsber, selja, alaskaösp og stafafura eru dæmi um tegundir sem vaxa í jaðri svæðisins og hafa borist inn á svæðið eða gætu borist inn á það með tímanum. Þetta á einkum við þar sem jaðar svæðisins liggur nærri skógræktareitum og gördum í nærliggjandi íbúabyggð og óhjákvæmilegt að plöntutegundir berist þaðan inn á friðlýsta svæðið. Almenn er ekki ástæða til að hafa áhyggjur af þeirri þróun en rétt er að fylgjast með henni og grípa til aðgerða í vissum tilvikum. Þar er aðallega átt við aðgerðir gegn útbreiðslu ágengra tegunda eins og alaskalúpínu og skógarkerfils en einnig garð – og skógræktartegunda. Þar sem helst að nefna garðamariustakk og stafafuru sem farnar eru að dreifa sér allnokkuð út fyrir ræktunarsvæði en dæmi frá öðrum löndum sýna að báðar þessar tegundir hafa burði til að geta orðið ágengar.

Víða má einnig bæta umgengni t.d. við Maríuhella.

Heimildir:

Auglýsing um friðlýsingu nokkurra plöntutegunda, nr. 184/1978.

www.ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Auglysingar/r_184_1978_auglysing_plontutegundir.pdf
(http://www.ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Auglysingar/r_184_1978_auglysing_plontutegundir.pdf)

Ágúst H. Bjarnason 2018. Mosar á Íslandi. blaðmosum, flatmosum og hornmosum lýst í máli og myndum.367 bls. Reykjavík: Ágúst H. Bjarnason

Council of Europe 2019. *Convention on the Conservation of European Wildlife and Natural Habitats: Resolution No. 4 (1996) listing endangered natural habitats requiring specific conservation measures.* rm.coe.int/16807469e7

Hörður Kristinnsson, Eva G. Þorvaldsdóttir og Björgvin Steindórsson 2007. *Vöktun válistaplantna 2002–2006.* Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 50. Reykjavík: Náttúrufræðistofnun Íslands.

Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir, ritstj. 2016. *Vistgerðir á Íslandi.* Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 54. Garðabær: Náttúrufræðistofnun Íslands.
http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf (http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf) [skoðað 8.10.2020]

Lög um náttúruvernd nr. 60/2013. <https://www.althingi.is/lagas/149c/2013060.html>
(<https://www.althingi.is/lagas/149c/2013060.html>) [skoðað 8.10.2020]

Náttúrufræðistofnun Íslands 2018. *Válisti æðplantna.*
<https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/plontur/valisti-aedplantna>
(<https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/plontur/valisti-aedplantna>)

Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. *Válisti 1: plöntur.* Reykjavík: Náttúrufræðistofnun Íslands.
http://utgafa.ni.is/valistar/valisti_1.pdf (http://utgafa.ni.is/valistar/valisti_1.pdf) [skoðað 8.10.2020]

Olga Kolbrún Vilmundardóttir, Ásrún Elmarsdóttir, Borgþór Magnússon, Guðmundur Guðmundsson, Ingvar Atli Sigurðsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Kristján Jónasson, Lovísa Ásbjörnsdóttir, Marianne Jensdóttir Fjeld, Sigmar Metúsalemsson, Starri Heiðmarsson, Sunna Björk Ragnarsdóttir, Þóra Hrafnisdóttir og Trausti Baldursson. 2019. *Framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár 2018: svæðaval og ávinningur verndar.* Náttúrufræðistofnun Íslands NÍ-19008. Garðabær: Náttúrufræðistofnun Íslands.
<http://utgafa.ni.is/skyrslur/2019/NI-19008.pdf> (<http://utgafa.ni.is/skyrslur/2019/NI-19008.pdf>) [skoðað 8.10.2020]

Sigurður H. Magnússon, Borgþór Magnússon, Ásrún Elmarsdóttir, Sigmar Metúsalemsson og Hans H. Hansen 2016. *Vistgerðir á landi.* Í Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir, ritstj. 2016. *Vistgerðir á Íslandi*, bls. 17–169. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 54. Garðabær: Náttúrufræðistofnun Íslands. http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf (http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf)

Starri Heiðmarsson og Pawel Wąsowicz 2018. Blátoppa (*Sesleria albicans*). *Náttúrufræðistofnun Íslands.*

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Ingibjörg Marta Bjarnadóttir" <ingibjorg.bjarnadottir@umhverfisstofnun.is>
To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>
CC:
Subject: Mat á verndargildi fólkvangsins í Garðahrauni, Vífilsstaðahrauni og Maríuhellum
Date: 10.2.2021 15:33:02

Góðan dag

Umhverfisstofnun vinnur nú að undirbúningi að stækkun og endurskoðun friðlýsingar fólkvangs í Garðahrauni, Vífilsstaðahrauni og Maríuhellu.

Stofnunin óskar eftir mati á verndargildi svæðisins í heild þar sem teknar eru einnig inn fyrirhugaðar stækkanir í Garðahrauni og votlendið Vatnsmýri við Vífilsstaðahraun.

Á meðfylgjandi korti má sjá svæðin sem um ræðir.

Bestu kveðjur, Best regards

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir

Sérfræðingur, Advisor

Svið friðlýsinga og starfsleyfa, Department for Designation of NPAs Nature Protection Areas and Pollution Permits



Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland
Sími / Phone: +354 591 2000
Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is) (<http://www.ust.is/>)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: [Http://www.ust.is/disclaimer](http://www.ust.is/disclaimer) (<http://www.ust.is/disclaimer>)

Viðhengi

image001.png (3 KB)

image004.jpg (15 KB)

image005.png (11 KB)